

Október

Laugardagur 4. október kl. 11

Haustlaukar

Garðyrkjufræðingar Grasagarðsins stikla á stóru í leiðsögn um algenga haustlauka og umhirðu þeirra.

Priðjudagur 21. október kl. 17

Sígrænar plöntur og skýlingar

Í göngunni verður fjallað um sígrænar plöntur sem gæða garðinn lífi allan veturinn. Auk þess verður farið yfir hvernig eigi að skýla viðkvæmum plöntum.

Laugardagur 25. október kl. 10

Garðskálajóga á fyrsta vetrardag – Innhverfa tréð

Guðmundur Pálmarsson jógakennari stýrir jóгатíma í garðskála Grasagarðsins þar sem sambandið á milli andardráttis og jógaðkunar er kannað.

Nóvember

Priðjudagur 25. nóvember kl. 17-19

Jólaskreytingar

Í aðdraganda aðventunnar halda garðyrkjufræðingar Grasagarðsins og meðlimir í Garðyrkjufélagi Íslands námskeið í garðskála Grasagarðsins um jólaskreytingar úr náttúrulegum efniviði.

Laugardagur 29. nóvember kl. 10

Garðskálajóga – Streitulaus inn í aðventuna



Talya Freeman jógakennari stýrir jóгатíma í garðskála Grasagarðsins þar sem tilgangurinn er að losna við streitu á aðventunni.

Allir viðburðir hefjast við aðalinngang Grasagarðsins nema annað sé tekið fram.

Upplýsingar um fleiri viðburði garðsins er að finna á grasagardur.is og [facebook.com/grasagardur](https://www.facebook.com/grasagardur) og í síma 411 8650.

GUIDED TOURS IN ENGLISH

Free 30 minute guided tours every Friday in June, July and August. The tours start at the main entrance at 12:40.



2025

LÍFVERULEIT Í LAUGARDALNUM

Í sumar verður boðið upp á lífveruleit í Laugardalnum. Lífveruleitarblöðin má fá í garðskála Grasagarðsins.



VIÐBURÐIR Í GRASAGARÐINUM

Dagar til að njóta!

GARÐSKÁLI OG LYSTIHÚS

Opnunartími:

Vetur kl. 10-15.

Kaffi Flóra er opin daglega í garðskálanum á sumrin.

Sjá nánar um opnunartíma á www.floran.is.



Hönnun: Hnótskógur | Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmíða




Grasagarður Reykjavíkur
Hortus Botanicus Reykjavicensis

www.grasagardur.is,
[Facebook.com/grasagardur](https://www.facebook.com/grasagardur)
Instagram: [reykjavik_botanic_garden](https://www.instagram.com/reykjavik_botanic_garden)
botgard@reykjavik.is, sími 411 8650



Grasagarður Reykjavíkur
Hortus Botanicus Reykjavicensis



Janúar

Priðjudagur 7. janúar kl. 18
Íslenskar galdrajurtir / Icelandic Plant Magic

Albert Björn Shiell fjallar um galdrajurtir í tengslum við íslenska þjóðtrú, sagnfræði, læknisfræði og nútímagaldur.

Priðjudagur 14. janúar kl. 17:30-19
Engey – nær og fjær
Málþing í garðskála Grasagarðsins um rannsóknir á Engey. Málþingið er í samstarfi við Borgarnáttúru – Urban Biodiversity Iceland.

Mars

Laugardagur 22. mars kl. 15-17
Sýningaropnun: Dvelur / Dwelling
Sýningin er samstarf Grasagarðsins, meistaranema í myndlist við Listaháskóla Íslands og meistara- og doktorsnema í listfræði við Háskóla Íslands.

Í Grasagarði Reykjavíkur er unnið í nánú samstarfi við náttúruna þar sem manneskjur og plöntur koma saman í sátt. Myndlistarfólkið hefur skapað verk í staðbundið samhengi garðsins og varpar nú dularfullu lífi gróðursins upp á yfirborðið. Athyglin er dregin frá manneskjunni og henni beint að gróðrinum. Með því er hið dulda opinberað og listafólkið tekur um leið að sér hlutverk gesta og gestgjafa, rannsakanda og rannsóknarefnis.

Sýningin stendur til 30. mars.

Apríl

Miðvikudagur 9. apríl kl. 10
Barnameningarhátíð: Út að leika - sýningaropnun
Listasýning átta leikskóla í Grasagarðinum.

Sýningin stendur til 13. apríl.

Miðvikudagur 9. apríl kl. 17
Barnameningarhátíð: Hæ litla fræ!
Börnum og fjölskyldum þeirra býðst að koma í garðskála Grasagarðsins og læra að sá fyrir sumarblómum og matjurtum. Þá verður dreifplöntun kennd. Krakkarnir mega svo taka plönturnar sínar með heim í lokin.

Laugardagur 12. apríl kl. 11-13
Barnameningarhátíð: Listasmiðja um plöntur í útrýmingarhættu
Fjölskyldum er boðið í listasmiðju þar sem fegurð og mikilvægi plantna í útrýmingarhættu er heiðruð. Áhersla er lögð á endurnýttan efnivið og útkoman er spennandi blanda af list og náttúruvernd. Ásthildur Jónsdóttir stýrir listasmiðjunni.

Laugardagur 12. apríl kl. 13-15
Barnameningarhátíð: Sögustund í garðskála
Sögustund á arabísku, spænsku og úkraínsku í boði sjálfboðaliða hjá Rauða krossinum.

Maí

Miðvikudagur 7. maí kl. 17-18
Brýningar og umhirða verkfæra
Vel brýnd og heil verkfæri eru bestu vinir garðyrkjufólks! Farið verður yfir réttu handtökin við umhirðu garðverkfæra og góð ráð gefin um hvernig megi lengja líftíma þeirra.

Viðburðurinn er í samstarfi við Garðyrkjufélag Íslands.

Sunnudagur 18. maí kl. 11
Alþjóðlegi safnadagurinn: Af værum blundi
Nú er komið vor og plönturnar vakna úr dvala. En hvernig vita þær að veturinn er búinn og hvaða áskorunum mæta þær? Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson leiðir fræðslugöngu þar sem farið verður yfir hvernig plöntur upplifa vorið, hækandi sól og hlýnandi veðurfar. Eigum við kannski eitthvað sameiginlegt með plöntunum?

Júní

Hádegisgöngur í júní á föstudögum kl. 12 - 12:30
Hádegisgöngur á ensku á föstudögum í júní kl. 12:40 - 13:10

Sunnudagur 15. júní kl. 11
Dagur hinna villtu blóma: Borgarholt í Kópavogi
Priðji sunnudagur í júní er dagur villtra blóma á Norðurlöndunum. Í tilefni dagsins býður Grasagarður Reykjavíkur í samstarfi við Náttúrminjasafn Íslands, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Flóruvini upp á gönguferð um Borgarholtið. Í göngunni verða plöntur greindar til tegunda og fjallað um gróður svæðisins. Gestir eru hvattir til að taka með sér flórubækur og stækkunargler.

Gangan hefst við Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6A.

Priðjudagur 24. júní kl. 20
Kvöldganga með Gurrý
Heilsubótarganga um Grasagarðinn í tilefni af 140 ára afmæli Garðyrkjufélags Íslands. Formaður félagsins, Guðríður Helgadóttir, leiðir gönguna og rabbar um áhugaverðar plöntur í garðinum.

Júlí

Hádegisgöngur í júlí á föstudögum kl. 12 - 12:30
Hádegisgöngur á ensku á föstudögum í júlí kl. 12:40 - 13:10

Priðjudagur 15. júlí kl. 20
Plöntuveiðimenn
Plöntuveiðimenn voru og eru ævintýrafólk sem ferðast um heiminn í leit að spennandi plöntum. Í göngunni verða skoðaðar plöntur sem bárust til Vesturlanda í gegnum plöntuveiðimenn.

Priðjudagur 29. júlí kl. 20
Umhirða sumarblóma
Garðyrkjufræðingar Grasagarðsins veita góð ráð um umhirðu sumarblóma og hvernig megi halda þeim fallegum fram á haust.

Ágúst

Hádegisgöngur í ágúst á föstudögum kl. 12 - 12:30
Hádegisgöngur á ensku á föstudögum í ágúst kl. 12:40 - 13:10

Miðvikudagur 6. ágúst kl. 20
Rósirnar í Grasagarðinum
Í göngunni verða rósirnar í Grasagarðinum skoðaðar, fjallað um algengustu rósa-tegundir og yrki sem eru í ræktun utandyra á Íslandi og fjallað um umhirðu þeirra.

Gangan er upptaktur að Norrænu rósahelginni sem fer fram 8.-10. ágúst.

Priðjudagur 12. ágúst kl. 20
Burknar og berfrævingar
Í göngunni verður fjallað um burkna og mismunandi berfrævinga svo sem barrtré og köngulpálma.

September

Miðvikudagur 3. september kl. 18
Sýningaropnun: Ofurblómin blómstra
Venjulega blómstra jurtir á vorin og sumrin en nú lítur út fyrir að allskyns ofurblóm muni birtast í Grasagarðinum í september. Þessi blóm hafa vaxið í höndum Rósu Sigrúnar Jónsdóttur myndlistarmanns. Hvernig væri að heimsækja Grasagarð Reykjavíkur og finna öll blómin?

Sýningin stendur út september.

Priðjudagur 16. september kl. 12
Dagur íslenskrar náttúru
Hádegisganga um Grasagarðinn.

Föstudagur 26. september og laugardagur 27. september
BragðaGarður

Matarhátíð Slow Food Reykjavík í garðskála Grasagarðs Reykjavíkur. Örfyrirlestrar og vinnustofur um góðan, hreinan og sanngjarnan mat og markaður á vegumfélags smáframleiðenda matvæla.

